

Ed.

297. Frumvarp til laga

[171. mál]

um breyting á lögum um réttindi og skyldur hjóna, nr. 20 20. júní 1923.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960—1961.)

1.

29. gr. laganna orðist svo:

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjúskap eða meðan hjúskapur stendur, geta aðilar ákveðið, að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli verða séreign þess. Í kaupmála má enn fremur ákveða, að um séreign, sem annað hjóna hlaut samkvæmt kaupmála, skuli fara sem hjúskapareign þess eftir lát þess hjóna, sem fyrr andast. Hjónum er einnig heimilt að ákveða að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að séreign skuli vera hjúskapareign.

2. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sé annað dáið, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiptu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sé verð þeirra eigi óhæfilega hátt, horið saman við efnahag hjónanna.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verð greindra muna fari fram úr lögmaeltum hluta þess í hjúskapareignunum.

Munir þeir, sem maki tekur samkvæmt 1. og 2. málsg., eru ekki taldir með við ákvörðun bús- og erfðahluta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í sambandi við samningu frumvarps til erfðalaga kom í ljós, að heppilegt mundi vera, einkum vegna ákvæða þess frumvarps um setu í óskiptu búi, að gerðar væru þær breytingar á lögum um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 20. júní 1923, sem í frv. þessu felast.

Lagt er til, að sú efnisbreyting verði gerð á 29. gr. nefndra laga, að unnt sé að gera kaupmála þess efnis, að tiltekið verðmæti verði séreign hjóna, en við andlát annars þeirra skuli fara um verðmæti þessi sem hjúskapareign. Ljóst er, að tilgangur með kaupmála er oft sá að tryggja það, að eign falli óskipt til annars hjóna, ef til hjónaskilnaðar dregur. Þegar annað hjóna er látið, er ekki framar þörf á þessum varnagla, og getur það þá verið heppileg fjármálaskipun, að eign þessi verði metin hjúskapareign. Afleiðingin af því verður sú, að verðmæti þetta rennur inn í óskipt búi, ef langlífari makinn fær leyfi til setu í óskiptu búi, og makinn á rétt til búshluta úr þessu fé, ef til skipta kemur í lifanda lífi hans, enda hafi hitt hjóna átt séreignina. Unnt er að kveða svo á í kaupmála í öndverðu, að séreign verði hjúskapareign við andlát maka. Einnig er til, að verðmæti sé lýst séreign með kaupmála, en svo sé síðar gerður sérstakur kaupmáli um, að séreign þessi skuli vera hjúskapareign við andlát annars makans. Að því er varðar 2. gr. frv., þá þótti rétt að nota þetta tækifæri til að koma ákvæðum 58. gr. laganna í betra horf en nú er.